

L Ö G

51

19. maí

um

bændaskóla.

Vér Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Pétterski, Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefir fallizt á lög þessi og Vér staðfest þau með samþykki Voru:

1. gr.

Þar til öðruvísi verður ákveðið, skulu vera tveir skólar á landi hér, er veiti bændaefnum nauðsynlega undirbúningsmenntun og sérþekking til undirbúnings stöðu þeirra. Skal annar skólinn vera á Hólum í Hjaltadal, en hinn á Hvanneyri í Borgarfirði. Skólarnir nefnast bændaskólar.

2. gr.

Á skólajörðunum skulu vera hæfilega stór fyrirmyndarbú, rekin á kostnað ríkissjóðs, ef hentara þykir, og veita skólastjórar þeim forstöðu.

Þar skulu færðir búreikningar um allar greinir búrekstrarins.

Á skólabúunum skal ríkisstjórnin láta fara fram hagnýtar tilraunir á ýmsum sviðum landbúnaðarins, svo sem í jarðrækt, garðrækt, kynbótum búfjár og öðru, er að búfjárrækt lýtur.

Í landi skólajarðanna má stofna nýbýli til ábúðar fyrir kennara skólans.

3. gr.

Við hvorn skóla skulu vera 4 fastir kennarar, og er einn þeirra skólastjóri. Hefir hann aðalumsjón með nemendum skólans, húsum hans og áhöldum. Kennarar hafa allir leigulausa íbúð í skólanum. Fáir kennarar ábúð á nýbýlum í landi skólajarðanna samkv. 2. gr., skulu þeir gjalda leigu fyrir landsnyttjar og þau hús, er þeir fá til afnota umfram hæfilega kennaraíbúð. Að öðru leyti fer um launakjör kennara eftir launalögum.

4. gr.

Í hvorum skóla eru 2 deildir, búfræðideild með tveimur bekkjum og bændadeild, sem er aðeins einn bekkur.

51 Skólaárið er frá 15. október til 30. apríl í búfræðideild, en í bænda-
19. maí deild frá 15. október til 15. maí.

5. gr.

Þessi eru skilyrði fyrir inntöku í hvora deild:

- a. Að umsækjandi í búfræðideild sé að minnsta kosti 17 ára, en í bænda-
deild 18 ára.
- b. Að hann sé ekki haldinn neinum smitandi sjúkdómi.
- c. Að hann fullnægi um þekking þeim skilyrðum fyrir inntöku, sem sett
verða í reglugerð.

6. gr.

Í búfræðideild skólans skal kennslan vera bæði bókleg og verkleg. Bóklega kennslan skal fara fram með fyrirlestrum, að því leyti sem betur þykir henta.

Þessar námsgreinar skal kenna bóklega: Íslenzku, stærðfræði (talnafræði, flatar- og rúmmálsfræði) og reikningshald, þjóðfélagsfræði, búnaðarhagfræði, búnaðarsögu og landbúnaðarlöggjöf Íslands og nágrannalandanna, landafræði, einkum viðskiptalandafræði, grasafræði, eðlisfræði, efnafræði, jarðfræði, líffæra- og lífeðlisfræði búfjár, jarðræktarfræði, búfjárfræði, mjólkurfræði, arfgengisfræði og verkfærafræði og land- og hallamælingar.

Í bændadeild skal leggja höfuðáherzlu á kennslu í jarðræktarfræði og húsdýrafræði. Kenna skal og aðrar námsgreinir, eftir því sem skólastjóri telur fært, og sé kennslan þeim mun yfirgripsminni sem námstíminn er styttri en í búfræðideild, enda skal í öllum undirbúningsnámsgreinum leggja aðaláherzlu á það, sem nauðsynlegt er til skilnings á búfræðinni, og í sérgreinum búfræðinnar á það, sem að mestu gagni má koma bændum í daglegu starfi þeirra.

Í báðum deildum skal ennfremur kenna: Handavinnu (smíðar), landmælingar, steinsteyppugerð, söng, leikfimi og íþróttir, og auk þess í búfræðideild dráttlist og kortagerð.

Heimilt er atvinnumálaráðuneytinu að fjölga eða fækka námsgreinum í hvorri deild skólans fyrir sig, ef skólastjóri mælir með.

Í reglugerð skal kveða nánar á um allt fyrirkomulag kennslunnar.

7. gr.

Auk kennslu samkv. 6. gr. skal veita verklega kennslu:

Fyrir nemendur búfræðideildar í öllum venjulegum jarðabótastörfum með nýtisku aðferðum, einkanlega með hestum og hestaverkfærum, svo og notkun dráttarvéla og annara jarðyrkjuverkfæra. Mega nemendur velja um, hvort þeir stunda verklega námið allt sumarið milli námsvetranna, eða 6—8 vikna tíma að vorinu hvort árið eftir að skóla er lokið. Nemendur, er stunda verklegt nám allt sumarið, skulu einnig taka þátt í heyskaparvinnu og öðrum heimilisstörfum, allt eftir nánari ákvæðum reglugerðar.

Fyrir nemendur bændadeildar skal kennslan standa yfir í 6—8 vikur

fyrir eða eftir slátt sumarið eftir námsveturinn, og skulu nemendur á þeim tíma vinna eingöngu að jarðabótum, eftir nánari ákvæðum reglugerðar. 51
19. maí

Allir nemendur skólans skulu eiga kost á og hafa skyldu til að kynna sér og fylgjast með rekstri skólabúsins allan þann tíma, er þeir dvelja við skólann, og getur skólastjóri heimtað af þeim skýrslu eða ritgerðir, er sýni, að þeir hafi kynnt sér rekstur búsins.

8. gr.

Gjalda skal nemendum, sem taka þátt í verklegu námi, kaup fyrir vinnu þeirra, eftir því sem reglugerð kveður nánar á um.

9. gr.

Verklega námið skal fara fram á skólajörðunum, eftir því sem hægt er að koma við, en verði verkefni ekki nægilegt á skólastaðnum, skal skólastjóra skylt, í samráði við atvinnumálaráðuneytið, að útvega nemendum verklega kennslu annarsstaðar, á tilraunabúum og búum, er styrks njóta af opinberu fé. Semja má og við einstaka menn, ef þeir eru til þess hæfir, um að veita nemendum kennslu í jarðyrkju.

Ferðakostnað, er nemendur hafa af för sinni frá skólanum til verklegs náms, skulu þeir fá greiddan af fé skólans.

10. gr.

Árspróf og burtfararpróf skal halda við skólana í lok skólaárs í þeim námsgreinum, sem kenndar eru í ársdeildunum. Heimilt er, að utanskólanemendur gangi undir ársprófin.

Að loknu verklegu námi hvorrar deildar skal og fara fram verklegt próf.

Enginn getur fengið burtfararprófsskirteini frá skólunum, fyrr en hann hefir staðizt burtfararpróf í jarðyrkju.

Þeir einir, sem lokið hafa fullnaðarprófi frá búfræðideild, eða hliðstæðum skólum erlendum, hafa rétt til að bera nafnið búfræðingur.

Í reglugerð skal kveða nánar á um próf við skólana.

11. gr.

Heimilt er, ef þörf krefur til þess að fá nemendur í aðaldeildir skólanna nægilega vel undirbúna, að hafa við skólana undirbúningsdeild, ef því verður við komið án aukins húsakosts, og fer þá um fyrirkomulag hennar og starf eftir reglugerð, er atvinnumálaráðherra setur.

12. gr.

Búnaðarráðunautar og dýralæknar í opinberri þjónustu eru skyldir til að aðstoða við kennslu í bændaskólunum.

51

19. maí

13. gr.

Skólastjóri skal sjá um það, að nemendur bændaskólanna eigi kost á ódýrri þjónustu á skólastaðnum og geti haft sameiginlegt mótuneyti, sem honum ber þó að hafa með eftirlit.

Heimavist skal vera í skólanum fyrir alla nemendur.

14. gr.

Atvinnumálaráðuneytið hefir á hendi yfirstjórn bændaskólanna og gefur út reglugerð fyrir þá, er meðal annars kveður nánar á um inntökuskilyrði, námsskeið í sambandi við skólana, fyrirkomulag kennslunnar og um próf.

15. gr.

Kostnaður við að gera skólana úr garði samkvæmt lögum þessum greiðist úr rikissjóði. Svo greiðir hann og öll árleg útgjöld þeirra.

16. gr.

Út af breytingum þeim á rekstri skólabúanna, sem lög þessi hafa í för með sér, skal atvinnumálaráðuneytið leita samninga við núverandi skólastjóra. Ef viðunandi samningar nást ekki, koma ákvæði 2. gr. til framkvæmda þegar næst verða skólastjóraskipti.

Að öðru leyti koma lög þessi til framkvæmda 15. okt. 1930.

17. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög nr. 48, 10. nóv. 1905, um bændaskóla, og lög nr. 25, 7. maí 1928, um viðauka við þau lög.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér að hegða.

Gjört á Amaliuborg, 19. maí 1930.

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

Christian R.

(L. S.)

Tryggvi Þórhallsson.